

ástæða þykir til að birta almenningi. Skýrsluna og yfirlitið skal bera undir ráðið í heild. Yfirlitið skal birta í Heilbrigðisskýrslum.

192  
24. nóv.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. nóvember 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Akureyrar nr. 189 29. nóvember 1940.

193  
28. nóv.

1. gr.

Á eftir II. kafla gjaldskrárinnar komi nýr kafli, svo hljóðandi viðauki:

### IV. Bráðabirgðaákvæði.

Gjöld samkvæmt D-lið gjaldskrárinnar, með undirliðum a—f, breytist með kolaverði í bænum á hverjum tíma, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngildi 30 króna verði á kolatonni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola hér á staðnum á hverjum tíma. Þó skal verð á kw-stund, samkvæmt þessum lið, ávallt standa á hálfum eyri eða heilum. Jafnframt falli þá niður hækkun sú, er gerð var s. l. vor á gjaldskrárlið D-I-c, úr 2,5 í 4 aura.

Raforkuverð og önnur gjöld, samkvæmt öðrum liðum gjaldskrárinnar en D 1, hækki um 1% fyrir hver 4 stig, er verðvisitalan er umfram eitt hundrað.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi 1. desember 1942.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. nóvember 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki.

194  
28. nóv.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki, orðist svo: Hámarksálagning á tóbaki í smásölu, miðuð við verð einkasölnunnar að viðbættum flutningskostnaði til útsöluþadarsins, skal vera:

20% á skornu og óskornu neftóbaki.

25% á öðrum tóbaksvörum.

Fyrir flutningskostnaði utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 5%.